

Förum út og slöbbum saman



Þann 15. janúar hófst hreyfiátakið „Slöbbum saman“, en um er að ræða samstarfsverkefni sem UMFÍ, ÍSÍ, Landlækniseimbættið og Sýn standa að. Snýst verkefnið um að fá fólk til að fara út að labba, en þar sem færðin er ekki alltaf að vinna með manni á þessum árstíma er húmorinn hafður í fyrirrúmi og því eru fólk hvatt til að SLABBA saman, labba í slappinu. Á myndinni má sjá þrjá unga Selfyssinga hoppa í slabbaða götu á leiðinni heim úr skólanum. Mynd: Dagskráin/brv

Nýr leikskóli mun rúma 60 börn

Fyrsta skóflustunga að nýjum leikskóla í Vík í Mýrdal

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og Bergný Ösp Sigurðardóttir leikskólustjóri tóku fyrstu skóflustunguna að nýjum leikskóla í Vík í Mýrdal. Þetta markar upphaf framkvæmda sem gert er ráð fyrir að ljúki á seinni hluta árs 2023.

Brúttóstærð byggingarinnar er 685 m² og stærð lóðar skv. dieliskipulagi 3.384 m². Áætlaður kostnaður við bygginguna og fullbúna leikskólalóð er 574 milljónir króna.

Leikskólinn mun rúma 60 börn en í hönnun er gert ráð fyrir að auðvelt verði að stækka hann í framtíðinni. Vel er vandað til verka við hönnun og horft til framtíðar. Lögð er áhersla á góða hlöðvist, viðhaldslitla byggingu og rúmt leiksvæði,

einng er lögð sérstök áhersla á aðstöðu fyrir starfsmenn og utanaðkomandi sérfræðinga. Gert er ráð fyrir verulegri stækkun á leikskólalóð sem verður vel búin af leiktækjum og leiksvæðum, m.a. gert ráð fyrir sérstöku leiksvæði fyrir yngstu börnin. Við hönnun á leikskólalóð er sérstaklega horft til þess að skapa skjólgott svæði.

Mikil þörf er á fjölgun leikskólaplássna í Mýrdalshreppi þar sem fæðingar hafa sjaldan verið fleiri en undafarin tvö ár og biðlisti eftir leikskólapláss sýfellt að lengjast. Um helmingur íbúa er á aldrinum 20 til 39 ára, því allar líkur á að fæðingum haldi áfram að fjölga. Byggingin er til marks um áherslu sveitarstjórnar á að byggja upp heilsueflandi og fjölskylduvænt samfélag.



Bergný Ösp Sigurðardóttir leikskólustjóri og Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Mýrdalshrepps taka fyrstu skóflustungu af nýjum leikskóla í Vík í Mýrdal.

Fáðu fagmann í verkið



**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Fundur fulltrúaráðs Árborgar verður haldinn fimmtudaginn 3. febrúar nk. kl 20:00. Fundurinn tekur ákvörðun um framboð sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 14. maí.

- Formannsskipti í fulltrúaráði Árborgar
- Kosning og umræður um tillögur stjórnar fulltrúaráðs Árborgar
- Önnur mál

Fundarstaður er Suðursalur 2. hæð Hótel Selfoss, meðan sætarými og sóttvarnareglur leyfa. Einnig verður boðið upp á að sitja fundinn í fjartengingu, tengill verður sendur í tölvupósti á fulltrúa í fulltrúaráði Árborgar sem eiga seturétt á fundinum.

Stjórn fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Árborg



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Opið hús í bólusetningu Open house in vaccination

Pfizer

Miðvikudagur 2. febrúar 2022 kl. 15:00 - 16:00

í félagsheimilinu Þingborg Flóahreppi fyrir þá sem búa í Árnes- og Rangárvallasýslum.

- Allir sem eru óbólusettir 12 ára og eldri (viðkomandi verður að vera orðin 12 ára). Börn þurfa að mæta í fylgd með forráðamanni (eða þá einhverjum eldri en 18 ára og með umboð frá forráðamönnum).
- Allir 16 ára og eldri sem vilja fá örvunarskammt (bólusetningu nr. 3) og eru komnir með að lágmarki 4 mánuði frá bólusetningu nr. 2.
- Þeir sem eiga eftir að fá skammt nr. 2 með pfizer og hafa ekki geta mætt í áður boðaða tíma.
- Þeir sem eiga eftir að fá pfizer sem örvunarskammt eftir Jansen bólusetningu.
- Þeir sem fengið hafa covid og kjósa að fá pfizer sem örvunarskammt (athugið að 3 mánuðir verða að hafa liðið frá veikindum að örvunarskammti).

ATHUGIÐ!

- **Að minnsta kosti ½ mánuður verður að líða á milli covid bólusetningar og annara bólusetninga.**
- **Hér mæta ekki börn yngri en 12 ára, þau þurfa barna-Pfizer skammt sem er veikari en það sem er í boði 2. febrúar.**

Pfizer

Wednesday February 2. 2022 at 15:00 - 16:00

in the social home at Þingborg in Flóahreppi only for those who live in Árnes and Rangárvallasýsla.

Úrslit í jólaskeytingasamkeppni Árborgar 2021

Sam fyrr verðlaunaði Árborg fallega skreyttar byggingar í sveitarfélaginu. Út frá aðsendum tilnefningum voru 3 íbúðar-

hús, 1 fjölbýli og eitt fyrirtæki sem fengu viðurkenningar fyrir fallegar jólaskeytingar í ár.

Við óskum öllum þeim sem

hlutu tilnefningu innilega til hamingju og um leið þökkum við öllum þeim sem tóku þátt í valinu í ár.

Einbýli:

Strandgata 10, Stokkseyri, Gunnar Guðsteinn Gunnarsson Strönd og Hafdís Sigurjónsdóttir Strönd



Tröllhólar 3, Selfoss, Jón Karl Jónsson og Anna Dóra Ágústsdóttir



Túngata 50, Eyrarbakki, Sævar Halldórsson og Halla Guðlaug Emilsdóttir



Fjölbýli

Austurvegur 51, Selfoss, Sigurður Þór Sigurðsson (formaður húsfélags)



Fyrirtæki

Miðbær Selfoss, Guðjón Arngrímsson f.h. Sigtún þróunarfélag





BUXNADAGAR

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BUXUM TIL 2. FEBRÚAR!

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

TISKUVERSLUN.IS

Búið er að draga úr Jólamyndagátu Dagskrárinnar

Dregið hefur verið úr innsendum svörum við jólamyndagátu Dagskrárinnar. Að venju var fjöldi fólks sem tók þátt í gátunni og innsend svör fjölmörg. Það var Eygló Gränz sem gerði gátuna eins og undanfarin 25 ár. Í verðlaun voru vegleg ísveisla frá Kjörís í Hveragerði. Vinningshafar eru sem hér segir:

Myndagáta fyrir fullorðna:
Ólafur Þórarinnsson,
Tindum, 803 Selfossi.

Barnamyndagátan:
Rúnar Ingi Byrnjarsson,
Reykjavík

Fullorðinsgátan - Lausn

Loksins hefur ný ríkisstjórn tekið við völdum á Íslandi en hún samanstendur af sömu flokkum og réðu hér ríkjum síðustu fjögur ár. Við óskum henni farsældar þó svo að ekki hafi allir mikla trú á því ráðabruggi. (Kórónu)veiran er enn á fleygi ferð og verður líklega ekki á förum enn um sinn. Farið því að öllu með gát.

Barnagátan - Lausn

Flest börn á Íslandi fá pakka á jolum og gott að borða. Það eru ekki öll börn í heiminum eins heppin. Verum þakklát.



REKSTRARLAND Á SELFOSSI OG Í ÞORLÁKSHÖFN – breytingar framundan

- Rekstrarvörusala Olís á Selfossi og í Þorlákshöfn verður endurskipulögð á næstu mánuðum.
- Verslun Rekstrarlands við Austurveg 69 á Selfossi verður rekin sem afgreiðslulager og söluskrifstofa frá og með 1. febrúar til 1. maí 2022.
- Afgreiðslutími lagers yfir umrætt tímabil verður 8-16. Á sama tímabili verður útkeyrsla vöru til viðskiptavina flutt frá Selfossi til Reykjavíkur.
- Verslun Olís við Óseyrarbraut 6 í Þorlákshöfn verður lokað frá og með 1. febrúar 2022. Þjónustu við viðskiptavini á svæðinu verður sinnt frá Selfossi og Reykjavík.
- Viðskiptavinir geta pantað vörur með óbreyttum hætti í gegnum þjónustuver Olís og sölustarfsfólk Olís á Selfossi.

- Rekstrar-, hreinlætis- og heilbrigðisvörur verða afgreiddar í gegnum lager Olís í Reykjavík á tímabilinu 1. febrúar til 1. maí og verða einungis að litlum hluta aðgengilegar á afgreiðslulager Olís á Selfossi.
- Á vormánuðum mun ný eining innan Haga, Stórkaup, taka yfir umræddan hluta af vöruframboði Rekstrarlands og Olís, þ.e. rekstrar-, hreinlætis- og heilbrigðisvörur. Starfsemi Stórkaups verður kynnt nánar á næstu mánuðum.
- Frá og með 1. maí mun Olís reka söluskrifstofur á Arnbergi, fyrir ofan þjónustustöð Olís á Selfossi.
- Frekari upplýsingar gefa Hörður Reynisson í síma 840 1786 (Selfoss), Viðar Þór Ástvaldsson í síma 863 1971 (Selfoss) og Einar Gíslason í síma 8922507 (Þorlákshöfn).

Stúkur fyrir Þorrann

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



lykkja, áu = snúið upp á þráðinn milli lykkja-anna og þrjónið sl.

Fitjið upp 56 lykkjur og tengið í hring. Þrjónið stroff, 2 br, 2 sl, alls 30 umferðir.

Útaukning fyrir þumal: 2 br, áu, 2 sl, 2 br, 2 sl, áu, þrjónið áfram stroff út umferðina. (Við útaukninguna fjölga sléttu lykkjunum um eina lykkju í báðum sléttu hlutumum). Þrjónið 3 umferðir án útaukningar. Útaukning er gerð alls 6 sinnum, og þá eru sléttu lykkjurnar orðnar 8. Eftir síðustu útaukninguna eru þrjónaðar 8 umferðir án útaukninga.

Bolhluti:

2 br, Setjið þumal lykkjurnar 18 á band og geymið. Fitjið upp 2 l (sem verða þrjónaðar sl í næstu umferðum) og haldið áfram að þrjóna stroff alls 10 umferðir. Fellið af.

Þumalhluti:

Setjið geymdu lykkjurnar á þrjóna og takið upp 8 l í kverkinni, tvær við uppfitið og 3 l hvoru megin. Byrjið að þrjóna nýju lykkjurnar allar sl en hinar stroff eins og áður út umferðina.

Næsta umferð: 2 br, 2 sl saman, taka 1 l óþrjónaða af þrjóninum, þrjónið 1 sl og steypið þeirri óþrjónuðu yfir, 2 br, 8 sl, 2 br, 8 sl. Þrjónið áfram sl í sl 1 og br í br 1 3 umferðir og fellið af.

Gangið frá endunum og njótið.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Þeir sem eru svo heppnir að kunna að þrjóna geta alltaf gripið í verkfærin og bandið og þrjónað sér skjólflik til að verjast kuldanum. Stundum er gott að hafa fingurna lausa og þá eru stúkur dásamlegar.

Garnið er úr flokknum Premium frá Regia en það er eðal sokkagarn og er framleitt í þrem mismunandi efnisgerðum, ull blönduð með silki, yak ull eða alpaka, auk nælons til styrkingar. Þessar stúkur eru þrjónaðar úr Alpaca Soft og er auðvitað með gæða alpaka ull.

Þrjónar nr. 3, sokkaprjónar eða Crazy Trio.

Skammstafanir:

l = lykkja, br = brugðin lykkja, sl = slétt



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Skólaritari og launafulltrúi

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir að ráða til starfa ritara í 65% starf frá 1. mars 2022.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn skrifstofustörf.
- Umsjón með reikningshaldi.
- Skólaritari er jafnframt launa- og persónuverndarfulltrúi.

Hæfnikröfur:

- Auk stúdentsprófs er bókhaldsnám eða bókhaldsþekking æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla af launaforritinu H-laun er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, samviskusemi og frumkvæði.

Með umsókn fylgi upplýsingar um menntun og starfsreynslu og meðmæli tveggja aðila.

Skólaritari starfar í húsnæði tónlistarskólans Eyravegi 9, Selfossi. Fastur starfstími skólaritara er kl. 12:00–16:00 auk fjögurra morgna í mánuði kl. 8:00–12:00 (eða eftir samkomulagi). Kjör eru samkvæmt kjarasamningi FOSS.

Umsóknarfrestur er til 2. febrúar 2022.

Upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 861-9687 / helga@tonar.is eða aðstoðarskólastjóra í síma 864-1235 / joi@tonar.is, sem einnig taka á móti umsóknum.

Tónlistarskóli Árnesinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 14 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 575 og starfa 39 kennarar við skólann. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans www.tonar.is



SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Síðastliðinn mánudag 17. janúar fóru fram stjórnskipti í Menntaskólanum að Laugarvatni. Kosningakvöld til nýrrar stjórnar hefur ætíð verið mjög hátíðlegur viðburður fyrir ML – inga og er alltaf mikil stemning í kringum það kvöld.

Framboðsvika fór fram 10. til 16. janúar þar sem frambjóðendur komu fram áróðri af ýmsu tagi til að vekja athygli á framboði sínu. Ræðukvöld fór svo fram í gegnum fjárfundabúnað þann 13. janúar þar sem frambjóðendur fengu loks að láta ljós sitt skína og koma sínum hugmyndum á framfæri.

Undir venjulegum kringumstæðum kemur allur skólinn saman og fylgist með kosningum en síðastliðin tvö ár hefur þurft að halda stjórnskipti með breyttu sniði út af Covid-19 faraldursins. Vegna sóttvarmarlaga gátu nemendur ekki verið allir í sama rými en var það leyst með þeim hætti að skipta nemendum niður í stofur út og fjárfundabúnaður notaður til að fylgjast með úrslitum.

Þó svo að ástandið sé eins og það er skemmir það ekki gleðina meðal nemenda þegar þeir fagna nýju kjörtímabili.

Samkeppnin var hörð milli mótframbjóðenda en við lok kosninga ríkti mikil gleði og mikil tilhlökkun að fylgjast með störfum hjá nýrri stjórn.



Umsjón: Margrét Inga Ágústsdóttir og Jóhannes Torfi Torfason



Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson,
sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf:
Ármann Dalmanntson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Ég flyt vatn frá uppsprettum og inn í bæinn.
Ég læt innihúsin hlýna.
Hverga læt ég vitund þína.

Svar við gátu í blaði 2633: **FLUGA**
1. Hugarfluga - 2. Litlafluga
3. Randafluga



BYKO

ÚTSÖLULOK

um helgina

ÚTSALA

30-70% afsláttur af völdum vörum



Tilboðsverð

Veggjljós
Svart veggjljós með hangandi lampa.

5.993

52269427

Almennt verð: 11.985



-50%



Tilboðsverð

Útiljós
Svart hringlaga útiljós.

2.993

52264848

Almennt verð: 5.985



-50%



Tilboðsverð

Gasgrill
Svart Rogue R 365 14,25kw gasgrill sem einnig getur virkað sem kolagrill.

80.847

506600037

Almennt verð: 115.495



-30%



Tilboðsverð

Bútsög
TC_MS 216 - 1400w.
Sagarðblaðið er 216 mm í þvermál og gátmál er 30 mm.

18.897

74808270

Almennt verð: 26.995



-50%



Tilboðsverð

Rafhlöðuborvél
18v rafhlöðuborvél með hleðslutæki. Vélin kemur í kassa.

3.899

68350737

Almennt verð: 12.995



-70%



Tilboðsverð

Verkfærabox
55 cm.

2.999

68500508

Almennt verð: 9.995

-70%



Tilboðsverð

Sturtuset
Damixa Pine sturtuset með hitastýrðu tæki. 150 cm hátt með 150 mm sturtubarka.

62.997

15557970

Almennt verð: 89.995



-30%



Tilboðsverð

Eldhústæki
Krómað eldhústæki með hárrí sveiflu og einu handfangi.

20.297

15332843

Almennt verð: 28.995



-30%

Gerðu frábær kaup!

BYKO

SELFLOSS

KOMDU Í HEIMSÓKN!

Ánægðustu viðskiptavinirnir



5 ár í röð!*

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.



Fjármálasérfræðingur á fjölskyldusviði

Fjölskyldusvið Árborgar auglýsir starf fjármálasérfræðings laust til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjármála- og rekstrarþjónustu vegna skólamála-, félagsþjónustu og frístundamála. Næsti yfirmaður fjármálasérfræðings er sviðsstjóri fjölskyldusviðs og helstu verkefni tengjast fjármálaþjónustu við stjórnendur fagsviðsins, greiningu lykiltalna, fjármálagreiningar, eftirlit og áætlanagerð að höfðu samráði við stjórnendur. Fjármálasérfræðingur þarf að sýna ábyrgð, frumkvæði og metnað til að ná bætingu í rekstrarárangri fagsviðsins. Leitast er við að efla faglega umgjörð og þjónustu við íbúa sveitarfélagsins og stofnanir fjölskyldusviðs. Um er að ræða 100% starf og ráðið verður í stöðuna frá 1. mars 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með fjárhagslegri umsýslu sviðsins eftir því sem sviðsstjóri felur viðkomandi
- Upplýsingagjöf, eftirlit og ráðgjöf við stjórnendur fagsviðsins
- Vinna að þróun reiknilíkana og umsjón með þeim
- Gerð fjárhagsáætlana og skoðun reikninga
- Mánaðarleg uppgjör og frávikagreiningar
- Rýni í kjarasamninga, lög og reglugerðir sem hafa áhrif á rekstur og fjölda stöðugilda
- Aðstoð við umsóknir í Jöfnunarsjóð og eftirlit í samstarfi við fjármálasvið
- Greiningarvinna og úrvinnsla tölulegra upplýsinga

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Meistarapróf er kostur
- Reynsla af vinnu við uppgjör og áætlanagerð æskileg
- Reynsla af greiningu lykiltalna æskileg
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Þekking á rekstri skóla og félagsþjónustu er kostur
- Góð íslenskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspeglir fjölbreytileika samfélagsins. Laun fara eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur vegna starfs fjármálasérfræðings er til og með 2. febrúar. Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, thorsteinnhj@arborg.is eða í síma 480-1900. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins. Eingöngu er hægt að sækja um störfina á ráðningarvef sveitarfélagsins, starf.arborg.is og umsóknir gilda í sex mánuði.

Að ferðast aftur í tímann í gegnum bækur segir lestrarhesturinn Árný Gestsdóttir

Árný Gestsdóttir er 22 ára Þykkvæingur. Hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Suðurlands árið 2018 og síðastliðið vor útskrifaðist hún með BA gráðu í mannfræði frá Háskóla Íslands. Síðustu ár hefur hún búið í Reykjavík ásamt kærasta sínum og starfar nú á leikskólanum Álfaheiði í Kópavogi. Árný stefnir á framhaldsnám í haust en sinnir nú helst áhugamálum sínum samhliða vinnu.

Hvað bók ertu að lesa?

Ég er hægt og rólega að koma mér aftur í það að finna ánægjuna í lestrinum eftir þriggja ára bakkalárnám í mannfræði við Háskóla Íslands þar sem lestur gat tekið meiri orku frá mér heldur en hann gaf. Ég hef fært mig frá ættbálkum Tróbríanda yfir í ævisögur Íslendinga og þessa stundina er ég að lesa *Játningar Láru miðils* eftir Pál Ásgeirsson. Ég hafði áður heyrt um Láru og miðilsfundi hennar og hafði áhuga á að kynna mér þetta mál betur. Þetta er mjög beinskeytt og hreinskilin ævisaga unnin úr sjálfsævisöguhandriti Láru sjálfar og öðrum heimildum, þar sem höfundur passar vel upp á gagnrýna hugsun lesandans. Það er þó ekki endilega Láru sjálf sem heldur athygli minni, heldur þjóðfélagslýsing höfundar á þessum tíma, það er eitthvað við það að ferðast aftur í tímann í gegnum bækur og sjá hlutina ljósflandi fyrir sér.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég gríp mikið í sjálfsævisögur, mér finnst frekar mikilvægt að setja mig í spor annarra endrum og sinnum. Mér finnst líka mjög gaman að lesa eldri skáldsögur sem eiga að gerast jafnvel löngu áður en ég fæddist og rýna inn í forna tíma. En síðan hrífst ég líka til dæmis af stíl Hallgríms Helgasonar sem er samtímaskáld og hefur á síðustu árum einbeitt sér að skrifa skáldsögur sem eiga að gerast í fortíðinni.

Fékkstu svokallað lestraruppeldi?

Ég hneigðist mjög ung til lestrar og vildi helst mæta læs fyrsta skóladaginn minn í grunnskóla. Mamma spilaði þar örugglega stórt hlutverk, en hún las alltaf einn og einn kafla fyrir mig fyrir svefninn, en ég var ekki lengi að taka yfir það hlutverk sjálf. Ég held að hún hafi þó verið þakklát fyrir það, því ég var mjög forvitin sem barn og því margar spurningar sem hún þurfti að svara á meðan lestrinum stóð. Ég man sérstaklega vel eftir því þegar hún las fyrir mig *Sitji guðs englar* eftir Guðrúnu Helgadóttur, en þær



lestrarstundir gátu dregist mikið á langinn vegna vangaveltna ungrar stúlku. Ég tók kannski ekki eftir því þá en ég leitaði mikið í bækurnar hennar Guðrúnar. Í *afahúsi* var sérstaklega í miklu uppáhaldi og ég las hana oft og mörgum sinnum. Á milli þess sem ég las gamlar bækur frá foreldrum mínum var ég tíður gestur á bókasöfnum, en ég fæ enn þann dag í dag hlýtt í hjartað þegar ég finn lyktina í bókasafninu í Þykkvabænum – það er einhver ákveðin nostalgia sem fylgir lestrinum.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Sem barn og táníngur hafði ég iðulega bók við höndina hvert sem ég fór en hægt og rólega fóru samfélagsmiðlar og hraði lífsins að taka yfir. Síðastliðin þrjú ár hafa vettvangsrannsóknir mannfræðinga sem bera heitið etnógráfíur átt hug minn allan. Fyrsta árið í mannfræðinni einkenndist mikið af lestri og ígrundunum á slíkum ritum. Þessar etnógráfíur geta verið mjög áhugaverðar og maður getur átt erfitt með að sleppa þeim. Ég segi ekki að þær hafi allar verið jafn skemmtilegar og alls ekki auðlesnar, en þær áhrifaríkustu eru einmitt þær sem þú þarft að lesa oft til þess að það kvikni á perunni. Í dag nota ég lesturinn sem ákveðna hugleiðslu og finnst mjög gott að leyfa huganum flakka meðan á lestrinum stendur.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Margrit Sandemo sem skrifaði bækurnar um Ísfólkið. Ástæðan er ekki flókin en hún var stór hluti af ákveðnu tímabili í lífi mínu. Ég var rétt 12 ára þegar ég byrjaði á fyrstu bókinni, en las alla seríuna í einum rykk. Ég náði líka að plata eina góðvinkonu mína með mér í lestrurinn og við kepptumst hvor við aðra að klára til þess að geta rætt sögupersónur og söguþráð. Þessar 47 bækur eru að sjálfsögðu jafn misjafnar og þær eru margar, en það er bara eitthvað svo magnað við þennan heim sem Sandemo skapaði og enn í dag finnst mér gaman að grípa í eina og eina bók.

En hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Það er langt síðan ég man eftir að hafa verið rænd svefni af bók, en ég man oft eftir mér sem barni að gleyma stund og stað í heimi bókanna, enda barnabækur þær sem hrífa mann fyrst og sennilega mest.

En að lokum Árný, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ef ég væri rithöfundur þá myndi ég skrifa sögulega skáldsögu þar sem ég myndi drekkja mér í heimildum um ákveðinn tíma og stað og draga þannig upp raun-sæjan sagnaheim sem auðvelt væri fyrir lesandann að tengja við.

Umsjón með Lestrarhestinum hefur Jón Özur Snorrason.

Vegna húsnæðismála BES á Eyrarbakka

Síðla haust 2021 óskuðu stjórnendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri eftir því við umsjónarmann fasteigna hjá Sveitarfélaginu Árborg að gerð yrði loftgæðaúttekt á húsnæði skólans á Eyrarbakka.

Verkfræðistofan EFLA var fengin til verksins í desember 2021 og voru niðurstöður úr sýnatöku og drög að ástands-skýrslu húsnæðis sendar stjórnendum skólans og Árborgar nú fyrir helgi. Í niðurstöðunum kemur fram að myglu er að finna í húsnæðinu.

Um leið og bráðabirgðaniðurstöður lágu fyrir óskuðu stjórnendur eftir fundi með



stjórnendum sveitarfélagsins til að ræða viðbrögð við skýrslunni. Á fundi sem fram fór 17. janúar var ákveðið að ekki væri forsvaranlegt að halda úti starfsemi í húsunum á Eyrarbakka og þau þar af leiðandi rýmd strax og vinna hafin við að finna tímabundið kennsluhúsnæði fyrir unglingastig skólans. Því hefur stjórnendateymi BES í samráði við sviðsstjóra

fjölskyldusviðs og bæjarstjóra ákveðið að skólahald falli niður hjá nemendum 7. -10. bekkja skólans dagana 19. - 21. janúar, eða á meðan lausna er leitað.

Stefnt er að því að skólahald hefjist á ný mánudaginn 24. janúar. Málavextir voru kynntir starfsmönnum og nemendum á unglingastigi eftir hádegi, þriðjudaginn 18. janúar. Upplýsingar um framvindu mála verða gefnar út eins fljótt og unnt er.

Nánari upplýsingar veita stjórnendur. Páll Sveinsson, skólastjóri, Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri



Ályktun hverfisráðs Eyrabakka á myglu í BES

Hverfisráð Eyrabakka er þakklátt skólastjórnendum og forsvarsmönnum sveitarfélagsins fyrir að bregðast við án tafar og með afgerandi hætti við niðurstöðum úttektar EFLU, er varðar myglu í skólahúsnæði BES á Eyrarbakka, með því að loka strax húsnæðinu.

Hverfisráð leggur áherslu á að sveitarfélagið hafi hagsmuni nemenda og starfsfólks BES í forgang. Gætt verði að því að nemendur, kennarar og annað starfsfólk skólans fái viðeigandi ráðgjöf og stuðning til að bregðast sem best við þeim afleiðingum sem þetta ástand hefur haft á heilsu og líðan viðkomandi.

Tímabundin ráðstöfun vegna þessa ástands þarf að vera staðsett á Eyrarbakka. Það er ekki boðlegt að auka enn frekar á það öðryggi sem nemendur, kennarar, annað starfsfólk skólans og nærsamfélagið býr við með því að flytja skólahald tímabundið út úr þorpinu.



Hverfisráð Eyrabakka gerir þá kröfu að ráðist verði án tafar í framkvæmdir við nýtt framtíðarhúsnæði fyrir öflugt og metnaðarfullt skólastarf á Eyrarbakka. Skóli er samfélagsleg og menningarleg nauðsyn hverju samfélagi. Barnaskólinn á Eyrarbakka



hefur verið samofin þorpinu samfellt í 170 ár og ekki er forsvaranlegt að gera breytingu þar á.

F.h. Hverfisráðs Eyrabakka Guðmundur Ármann Pétursson, formaður Drífa Pálín Geirs, varaformaður



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Birgir Thorsteinson
Brún, Flúðum



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 1. janúar. Útför hans fór fram frá Hrunakirkju miðvikudaginn 12. janúar.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda hlýju og samhug og sérstakar þakkir fær starfsfólk HSu.

Margrét Böðvarsdóttir
Sigríður Thorsteinson
Axel Thorsteinson
Böðvar Bjarki Thorsteinson
Þorsteinn Thorsteinson
barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur þeirra.

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun
okt.-nóv. 2018.

Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarvatn-Hverabraut



Verklok eru 15.05.2022

Verkið felur í sér lagningu botnlanga og vatns- og fráveitu við Hverabraut á Laugarvatni. Grafa skal fyrir burðarlagi og vatns- og fráveitulögnum og leggja samanber útboðslýsingu.

Helstu magntölur eru:

Gröftur á lausu efni, brottekið	500 m ³
Gröftur á lausu efni útjafnað við vinnusvæði	500 m ³
Fylling undir og yfir lagnir	150 m ³
Vatnsveitulagnir	400 m
Fráveitulagnir	250 m
Styrktarlag Hverabrautar og göngustígs	790 m ³

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 17. janúar 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð hjá Eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 3. febrúar og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar
Kristófer Tómasson
sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Barnavernd auglýsir eftir neyðarheimilum

Barnavernd Árborgar í samstarfi við barnavernd Rangárpings- og Vestur Skaftafellssýslu auglýsa eftir umsóknum frá fjölskyldum og/eða einstaklingum sem eru tilbúin til að veita börnum móttöku á einkaheimilum.

Í 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk úrræði til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra.

Hlutverk neyðarheimilis er að taka á móti barni/börnum með stuttum fyrirvara til skemmri tíma eða í allt að þrjá mánuði. Leitað er eftir fólki sem hefur áhuga á velferð barna og er tilbúið að taka á móti þeim með stuttum fyrirvara og mæta breytilegum þörfum þeirra. Mikilvægt er að skapa þeim öruggar aðstæður með hlýju og nærgætni. Um er að ræða gefandi starf þar sem fjölskyldur fá tækifæri til að hlúa að börnum sem upplifað hafa erfiðar heimilisaðstæður.

Barnaverndarstofa veitir leyfi að undangenginni úttekt á heimilishögum af hálfu barnaverndarnefndar í viðkomandi umdæmi.

Reynsla og þekking af starfi með börnum er æskileg.

Aldurstakmark umsækjenda er 25 ára.

Áhugsamir sendi ferilskrá ásamt kynningarbréf til Önnu Rutar Tryggvadóttur, teymisstjóra barnaverndar Árborgar á netfangið annarut@arborg.is eða Svövu Davíðsdóttur, félagsmálastjóra Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu á netfangið svava@felagsmal.is.

Farið er með allar persónuupplýsingar sem trúnaðarmál.

Sé frekari upplýsinga óskað eru þær veittar á framangreindum netföngum.

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2022.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Ræðukeppni Hvolsskóla



Síðastliðinn föstudag fór fram Ræðukeppni Hvolsskóla en þar etja kappi þeir aðilar úr hverjum bekk sem efstir stóðu í bekkjarkeppninni. Nemendur stóðu sig ákaflega vel en umræðuefnið var Lausaganga katta í þéttbýli. Sitt sýndist hverjum og var keppnin hörð. Þjálfari

þeirra er íslenskukennarinn Anna Kristín Guðjónsdóttir. Dómarar voru þau Auður Friðgerður Halldórsdóttir, Elísa Elíasdóttir og Hermann Árnason. Við þökkum þeim kærlega fyrir að gefa sér tíma í þetta verkefni. Efstar í ræðukeppninni urðu þær Elísabet Vaka Guðmunds-

dóttir í þriðja sæti, Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage í öðru sæti og Viktoría Vaka Guðmundsdóttir í fyrsta sæti. Meðfylgjandi mynd er af þeim stöllum.

Innilega til hamingju öllsömul með glæsilegan flutning.

Stolt af okkar fólki

Óhætt er að segja að samfélag okkar hér á Suðurlandi ræðir þessa dagana um íþróttafólkið okkar og þjálfarana sem slegið hafa í gegn. Við eigum atvinnumenn bæði konur og karla í knattspyrnunni sem hafa svo borið flagg okkar í landsliðum Íslands hátt. Við fylgdumst með frábærum árangri fimleikafólksins okkar á Evrópumótinu í Portúgal í desember og okkar fólk hér á Suðurlandi stóð sig með mögnuðum hætti þar. Við eigum fjöldann allan af efnilegu íþróttafólki sem gerir það gott í yngri landsliðunum í nánast öllum íþróttum og fjöldinn allur af okkar unga fólki er komið á styrki í háskólum erlendis við að iðka sína íþrótt bæði í kórfulbolta og knattspyrnu og eflaust fleiri íþróttum. Það væri að æra óstöðugan að reyna að telja upp allt okkar afreksfólk en ég vona að lesendur taki viljann fyrir verkið. Á dögunum voru þjálfararnir Þórir Hergeirsson handboltaþjálfari frá Selfossi valinn þjálfari ársins á Íslandi og Vésteinn Hafsteinsson frjálsíþróttaþjálfari frá Selfossi valinn

þjálfari ársins í Svíþjóð, ég óska þeim innilega til hamingju. En þessa dagana er það handboltinn sem á hug og hjörtu landsmanna og þar eigum við verðuga fulltrúa, atvinnumennina í sinni íþrótt þá Ómar Inga Magnússon íþróttamann ársins á Íslandi, Elvar Örn Jónsson, Janus Daða Smárason og Teit Örn Einarsson leikmenn landsliðsins svo eigum við talsverðan hlut í Bjarka Má Elíssyni og svo Jón Birgi Guðmundsson sjúkrahjúfara liðsins og ættum þar fleiri sem eru því miður meiddir. Hreint mögnuð er frammistaða handboltalandsliðsins og á erfiðum tímum covid og innilokana hjá stórum hluta þjóðarinnar sameinumst við ungir og aldnir heima í stofu og styðjum liðið með mikilli gleði. Við Sunnlendingar getum verið mjög stolt af okkar fólki og með þessum árangri okkar afreksmanna sem veita okkur alla þessa gleði göngum við glöð til hvers dags. Við getum líka verið þakklát fyrir allt okkar fólk sem hefur með sjálfböðastarfi íþróttafélaganna stuðlað að þessum árangri,



öllum menntuðu þjálfurum og íþróttaakademíunum í FSu. Takk fyrir allt ykkar framlag þið gerið okkur stolt, áfram Ísland.

Kjartan Björnsson
Íþróttaáhugamaður



Hinseginvika í Árborg gekk vonum framar. Við þökkum öllum fyrir þátttökuna!



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

FÉLAGSMENN
ATHUGIÐ!

Á fundi stjórnar Félags
eldri borgara á Selfossi,
5. janúar 2022, var ákveðið
að enginn starfsemi verði
á vegum FEBSEL fyrr en
breytingar verða á sótt-
varnarreglum til afléttingar.

Fylgist vel með á heimasíðu
félagsins og Facebook.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Krani
&
tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi **Elli**
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is



Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 29. janúar.
Lokað verður í safnaðarheimilinu.
Bendum á að hægt er að
fylgjast með streymi á Youtube
og velja Adventkirkjan.

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta kl. 11 fyrir fólk úr
öllum sóknum. Bænadagur að
vetri. „Komið og sjáið verk
Guðs!“ Organisti er Jón Bjarnason
og prestur sr. Sighvatur Karlsson.

ÞJÓNUSTA



Mikið og fallegt úrval af
gardinum og gluggatjöldum.

Við bjóðum upp á fría
ráðgjöf og mælingu.

20% afsláttur
af öllum pöntunum!

Uppl. í síma 866 3300 / 784 9689
flisalina@flisalina.is

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Áttund

20% afsláttur
af gjafakortum
Ný námskeið
3. febrúar.



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í þrótafræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Nudd -
Svæðanudd
Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Yfirlýsing frá Foreldrafélagi BES

Foreldrafélag Barnaskólans
á Eyrarbakka og Stokkseyri
tekur undir heils hugar undir
ályktun frá hverfisráði Eyrar-
bakka þann 19. janúar 2022.
Við viljum einnig koma á fram-
færi þakklæti til stjórnenda og
starfsfólks skólans um að óska
eftir úttekt á húsnæðinu sem og
hversu hratt og örugglega var
brugðist við niðurstöðum út-
tektafyrir.

Við viljum einnig þakka
starfsfólki skólans fyrir þá elju-
semi að koma skólafarfinu
aftur í gang með litlum sem
engum fyrirvara um allsherjar
breytingar á aðstöðum, bæði
nemenda og starfsfólks. Með
því að halda áfram kennslu í
bráðabirgða húsnæði staðsettu
á Eyrarbakka ætti að skapa sem
minnst rask og óryggi fyrir
nemendur meðan verið er að
skoða stöðuna.

Við teljum einnig að sjaldan
eða aldrei hafi þörfin á uppfyll-
ingu loforða við endurnýjun á
skólahúsnæði verið jafn brýn.
Við lítum til þeirra lausnar að
nýtt skólahúsnæði unglinga-
deildar verði sett í algjöran for-
gang hjá Árborg.

Til hefur staðið að byggja
nýtt húsnæði til að hýsa mið-
stig og unglingastig frá því árið
2010 og teljum við í foreldra-
félaginu löngu orðið tímabært
að efna þau loforð sem þá voru
gefin. Það má líka telja til að

síðan 2010 hefur miðstigið verið
í húsnæði skólans á Stokkseyri
sem einungis átti að hýsa yngsta
stig skólans sem og verk- og
listgreinar. Plássleysis hefur
virkilega bitnað á skólafarfi
og er nú starfsemi skólans á víð
og dreif, með engri varanlegri
lausn í sjónmáli. Á síðustu önn
kom svo enn önnur breyting til
þegar ljóst var að íþróttahúsið á
Stokkseyri er ekki lengur talið
boðleg til kennslu og þar með
eru nemendur komnir í bráða-
birgða íþróttahúsnæði á sama
tíma og unglingadeild er á hrak-
hólum.

Samkvæmt nýkynntu deili-
skipulagi Árborgar er mikil
vöxtur í báðum þorpunum við
ströndina og mætti ætla að með
þessum vexti myndi fylgja fjár-
magn til uppbyggingar á skóla
og frístundamálum. En eins og
málin virðast standa í dag hafa
hagsmunir barna okkar og eðli-
lega krafa um boðlegt skóla-
húsnæði ekki verið ofarlega á
forgangslista bæjarstjórnar Árborgar
síðastliðin 15 ár. Nú er
komin tími til að sýna í verki að
þorpin við ströndina séu ekki að
mæta afgangi með því að hefja
raunverulegt samtal um bygg-
ingu nýs skólahúsnæðis fyrir
mið- og unglingastig Barnaskólans
á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Nú er komin tími til að orð-
um fylgi efndir!

Stjórn foreldrafélagsins

Úthlutun úr Íþróttasjóði - 2,4
milljónir á Suðurland

Íþróttanefnd hefur úthlutað úr
Íþróttasjóði tæpum 23 millj-
ónum til 79 verkefna fyrir árið
2022. Alls bárust 132 umsóknir
að upphæð rúmlega 291 milljón-
ir króna um styrki úr Íþróttasjóði
vegna ársins 2022. Sjö verkefni á
sambandssvæði HSK hlutu styrk
úr sjóðnum, samtals að upphæð
kr. 2.400.000.

Heildarúthlutun fyrir árið
2022 er 22.990.000 kr., sem
skiptist sem hér segir; að-
staða 9.000.000, (42 verkefni),
fræðsla og útbreiðsla 10.390.000
(32 verkefni) og rannsóknir
3.600.000 (4 verkefni)

Styrkir sem veittir voru til
verkefna á sambandssvæði HSK:

Aðstaða:

- **Íþróttafélagið Dímon**
Styrkur til kaupa á skot-
klukku 200.000 kr.
- **Skotiþróttafélagið Skyttur**
Endurnýjun Skeet leirðufu-
véla 250.000 kr.
- **Sólheimar ses (Gnýr)**
Kraftur 2 150.000 kr.
- **Umf. Selfoss, frjálsíþróttad**
Selfosshöllin 200.000 kr.
- **Umf. Gnúpverja**
Borðtennisæfingar
200.000 kr.

Fræðsla og útbreiðsla:

- Frjálsíþróttaráð HSK
Brottfall unglinga úr frjálsum
íþróttum 600.000 kr.

Rannsóknir

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir
Andleg heilsa fimleikalandslíða
Íslands í aðdraganda og í kjöl-
far keppni á Evrópumóti 2022
800.000 kr.

Umsóknarrestur til að sækja
um styrk úr Íþróttasjóði er til 1.
október ár hvert. Upplýsingar
um sjóðinn og úthlutanir eru
á heimasíðu Rannís, sjá www.
rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/it-
hrottasjodur/.



Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við
skógrækt



Eitt tré fellt =
Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lág-
markar orkunotkun



Umhverfissvottaður
pappír notaður
við framleiðsluna



Umhverfissvottaður
farfi notaður
við framleiðsluna



Endurnýtanlegt
hráefni



Stuðlað að full-
nýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf**
svo lífsgæði eflist og mannlíf á
Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 1. MARS, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum
SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Heilbrigðisstofnun Suðurlands er heilsueflandi vinnustaður

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur verið skráð til leiks í verkefninu „Heilsueflandi vinnustaður“ á vegum Embættis Landlæknis.

Markmið með verkefninu er að efla enn frekar mannauð allra starfsstöðva HSU með bættri heilsu og líðan. Á tímum álags og óvissu er enn mikilvægara en áður að huga að andlegri og líkamlegri heilsu og viljum við gefa starfsfólki HSU tækifæri og hvatningu til að efla heilsu sína en það á auðvitað við á öllum tímum.

Með því að hefja þetta verkefni er það markmið forvarnaráðs að vinna með starfsfólki HSU að heilsueflingu innan vinnustaðarins, bæta vinnuskipulag, vinnuumhverfi, hvetja



til virkrar þátttöku og stuðla að áframhaldandi þroska starfsfólks. Heilsueflandi vinnustaður er ekki hugsað sem átaksværni heldur eitthvað sem verður að menningu innan vinnustaðarins og er unnið að alla daga. Ávinningur er bættr heilsa, aukin vellíðan og starfsánægja starfsfólks sem skilar sér í betri þjónustu.

Forvarnaráð HSU

FSu í átta liða úrslit í Gettu betur

Tveimur umferðum er nú lokið í Gettu betur keppni framhaldsskólanna og sigraði lið FSu í þeim báðum. Í fyrri umferðinni var lið Flensborgarskólans lagt að velli og í þeirri síðari lið Fjölbrotaskólans í Breiðholti. Sannarlega glæsilegur árangur þriggja frábærra nemenda en liðið er skipað Ás-

rúnu Aldís Hreinsdóttir (á 2. ári) - Bjarna Má Stefánssyni og Júlíu Lis Svansdóttur (á 3. ári). Teymið hefur æft á fullu síðan í nóvember og hafa liðsmenn lagt mikla vinnu og visku í þann undirbúning. Og nú kominn í átta liða úrslit og í sjálfa sjónvarpskeppnina.



Júlía Lis Svansdóttir, Aldís Hreinsdóttir og Bjarni Már Stefánsson.

ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun

okuland.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet

heildarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaraðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhaldegmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi

Siggafærdiz

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI

Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is